

Ársskýrsla fræðslustjóra Skólaárið 2018 - 2019



Ragnhildur Jónsdóttir

Ársskýrsla fræðslustjóra fyrir starfsárið 2018- 2019

Inngangur

Síðustu ár hefur ársskýrsla fræðslustjóra spannað eitt ár frá janúar til desember, en nú spannar hún skólaárið frá ágúst til maí. Í skýrslunni er fjallað um helstu áherslur og verkefni sem unnið hefur verið að á árinu en stöðugt er unnið að því að styrkja faglegan grunn skólstarfs í sveitarfélaginu m.a. með skipulegri starfsþróun og símenntun starfsmanna, með árlegu innra mati, þátttöku í samstarfi utan sveitarfélagsins og fleiri leiðum. Í innra mati skólanna leggja starfsmenn, foreldrar og nemendur mat á starfið og síðan eru gerðar áætlanir um hvernig menn ætla að bæta það. Ennfremur er sífellt verið að endurmeta og endurbæta húsnæði og aðra aðstöðu skólabarna og starfsfólks skólanna.

Mikil umræða hefur farið fram um menntun fyrir alla í framhaldi af úttekt *Evrópumiðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir*, á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Ísland. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cca962f5-be4f-11e7-9420-005056bc530c>. Í niðurstöðum úttektarinnar kemur m.a. fram að núverandi löggjöf og stefnumótun yfirvalda felur í sér stuðning við markmið og áherslur skólstarfs án aðgreiningar og eru í samræmi við alþjóða sáttmála og samninga sem Ísland hefur undirgengist. Samstaða er um þessi markmið og áherslur meðal þeirra sem sinna menntamálum á öllum stigum skólakerfisins en þörf er á skýrari leiðsögn um hvernig standa beri að því að koma stefnunni í framkvæmd.

Nægilegu fjármagni er úthlutað til reksturs skóla á landinu en að skoða má betur hvernig það er nýtt.

Í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir leggja Íslendingar ofuráherslu á að greina raskanir og vanda barna í stað þess að vinna markvissar að íhlutun og forvörnum.

Ákall er um að þau kerfi sem koma að velferð barna og fjölskyldna vinni betur saman þvert á svið þar sem áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun. Markmið snemmtækra íhlutunar er að hefja markvissar aðgerðir eins fljótt og unnt er til lausnar á málum sem stefna í að valda barni erfiðleikum. Þá er mikilvægt að aðlaga skipulag stoðþjónustu þannig að sérfræðingar fræðslu- og félags- og heilbrigðissviða vinni þétt saman að heildstæðum stuðningi við fjölskyldur. Og það kallar á opnara samstarf milli kerfa og hafa nokkur sveitarfélög hafið þróunarverkefni sem miða að því. Má í því sambandi nefna verkefni eins og Brúna í Hafnarfirði <https://www.hafnarfjordur.is/ibuar/skolar-og-born/bruin/> og Austurlandslíkanið á Fljótsdalshéraði <https://www.samband.is/media/fjarmalaradstefna-2018/Julia.pdf>.

Í þessu sambandi skal einnig á það bent að þróun í uppeldi og menntun í dag miðar að því að efla fagmennsku kennara og styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu með fræðslu, samtali, samvinnu og ráðgjöf. Að skapa virkt lærdómssamfélag um uppeldi og menntun barna.

Skólaþjónusta – stoðþjónusta

Talmeina og sálfræðiþjónusta hefur verið borin uppi af sérfræðingum í verktöku og eru samningar núverandi verktaka lausir. Auglýst hefur verið eftir sálfræðingi með búsetu á Höfn en engin viðbrögð hafa orðið við þeirri auglýsingu, en umsóknir hafa borist um verktöku. Viðræður eru að hefjast um að kaupa þjónustu talmeinarfræðings hjá Tröppu.

Það ber að þakka að innan skólanna starfa afar færir og áhugasamir fagmenn sem aflað hafa sér mikillar þekkingar og reynslu í áraradír til að mæta þörfum nemenda með sérþarfir. Þeir hafa þróað starfshætti í anda snemmtækrar íhlutunar og vinna með starfsmönnum félags- og heilbrigðismála að lausn flókinna viðfangsefna. Þetta samstarf er þörf á að meta til að draga fram styrkleika og veikleika þess, setja fram markmið samstarfsins, skýra hlutverk þeirra fagmanna sem að samstarfinu koma og skýra verkferla.

Foreldranámskeið

Sjö fagmenn úr skólum sveitarfélagsins og af HSU fóru á námskeið vorið 2018 um að gerast leiðbeinendur á foreldranámskeiðum. Í framhaldi af því hefur sveitarfélagið í vetur og vor boðið foreldrum upp á ókeypis námskeið um uppeldi sem ber heitið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar*. Tuttugu og fjórir einstaklingar hafa tekið þátt í námskeiðinum og hafa þeir gefið þeim góða umsögn. Með þátttöku beggja foreldra skapast tækifæri til þess að þeir sæki og deili sömu þekkingu og myndi samstöðu um þær aðferðir sem þeir vilja nota í uppeldi barna sinna. Einnig hefur það komið fram í mati þátttakenda að þeim finnst lærdómsríkt að spegla sig í samtali við aðra foreldra á námskeiðinu.

Leikskólinn Sjónarhóll

Leikskólinn Sjónarhóll hefur nú starfað í nýja húsinu við Kirkjubraut 47 síðan í ágúst sl. þar sem um 115 börn hafa notið leiks og náms. Starfsemin hófst með því að allt starfsfólkið sat námskeið um Uppeldi til ábyrgðar, Lubbi finnur málbein, Tákn með tali og Skyndhjálp. Þannig fengu starfsmenn sömu grunnþekkingu til að hefja starfið út frá og til að ganga í takt. Frá fyrsta degi hefur mikill tími og orka farið í stilla saman strengi, byggja upp faglegt innra starf og uppfylla kröfur sem lög og reglur gera um starfsemi leikskóla. Kröfur um skilvirka ferla í stjórnslu skóla hafa aukist ár frá ári eins og í annarri stjórnslu. Stjórnendur og starfsfólk leikskólans hafa unnið læsisstefnu og matsferla um mál og læsi, drög að skólanámskrá, vinnsluskrá vegna persónuverndarlaga, innritunarferla, öryggishandbók og svo mætti lengi telja. Innra skipulag hefur verið mótað og starfsemin hefur farið vel af stað þetta fyrsta starfsár skólans í nýju húsi.

Talsvert hefur verið um það að starfsmenn hafi horfið til annarra starfa en breytingar í starfmannahaldi er velþekktur fylgifiskur sameininga stofnana og það þarf tíma til að skapa jafnvægi í þeim málum. Staða starfsmannamála í leikskólanum í dag er sú að nú

vantar starfsmenn í tvær heilar stöður á deildum og þrjár stöður milli kl.14:00 og 16:00.

Næsta skólaár verður breyting á stjórnun leikskólans þar sem Marianna Jónsdóttir leikskólastjóri mun fara í fæðingarorlof í október og er væntanleg aftur til starfa eftir sumarfrí leikskólans í ágúst 2020.

Grunnskóli Hornafjarðar

Nemendum fækkaði aðeins milli ára, þeir fóru úr 253 niður í 238 við upphaf skólaárs s.l. haust en næsta skólaár stefnir fjöldinn í um 250 nemendur. Ekki eru miklar breytingar í starfsmannahaldi og er nú þegar búið að ráða í allar kennarastöður og stefnir í að gengið verði frá ráðningum annars starfsfólks á næstu dögum.

Nemendum á yngsta stigi fjölgar um 33 og það veldur áskorunum í starfsemi Kátakots þar sem húsnæði þess rúmar ekki þessa viðbót. Bæjarráð heimilaði á dögnum að ráða fleira fólk til starfa þar og eru stjórnendur að vinna nýtt skipulag út frá þessum breyttu forsendum. Einnig er verið að kanna samstarf við Umf. Sindra vegna þessa.

Sú nýbreytni var tekin upp í samvinnu við verkefnastjóra fjölmenningar að bjóða nemendum upp á heimanámsaðstoð á bókasafninu í Nýheimum. Foreldrar voru hvattir til að taka þátt en aðstoðinni sinntu kennari frá skólanum, sjálfboðaliðar á vegum Rauða krossins ásamt verkefnastjóranum. Markmiðið er að styrkja og styðja nemendur í námi ásamt því að skapa flöt til félagslegra samskipta í notalegu og rólegu andrúmslofti. Því miður var lítil þátttaka, mest komu sjö börn í eitt skipti en oftast voru þau fjögur og stundum ekkert. Ákveðið er að halda áfram með þetta verkefni næsta vetur og skoða leiðir til að auka þátttökuna því kennarar sjá þörf fyrir þetta starf.

Niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins í ár bendir til þess að foreldrar séu almennt ánægðir með nám og kennslu barna sinna og í þáttum sem snúa að velferð barna koma flestir þættir betur út en í fyrra. Þá er ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum marktækt meiri en annarsstaðar.

Skólinn hefur lagt mikla áherslu á umhverfismál á síðustu misserum í skólanum. Umhverfisnefnd nemenda og starfsmanna er öflug, veruleg vitundarvakning hefur orðið og eru nemendur stundum þeir sem drífa vinnuna áfram. Á vordögum var þemavinna sem tengdist Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er markmiðið að setja enn meiri áherslu á þau.

Skólinn hefur í samvinnu við Háskóla Íslands skipulagt heils vetrar starfsþróun fyrir kennara og annað starfsfólk næsta vetur. Starfsþróunin er sambland af námskeiðum, og starfendarannsókn og geta kennarar sem lokið hafa B.Ed. prófi valið að taka hana til 10 ETCS eininga og fylgir því þá aukin vinna. Tilgangur námsins er að þátttakendur kynni sér nám og starf í skóla og samfélagi margbreytileikans. Fjallað verður um hugmyndafræði skóla margbreytileikans og skoðað hvað það merkir að koma til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Kjarninn í námskeiðinu er að þátttakendur skoði

eigið starf og greini þarfir í starfsumhverfinu sem þeir vilja bregðast við eða þróa út frá hugmyndafræðinni og nýti eigin auðlindir og jafnvel auðlindir samstarfsfólks til þess. Lögð er áhersla á heildstæða og skapandi nálgun í nemendamiðuðu skólastarfi.

Leik- og grunnskólinn í Hofgarði

Magnhildur Gísladóttir lætur af störfum sem skólastjóri Leik- og grunnskólans í Hofgarði nú í sumar eftir tvö farsæl ár í því starfi. Við starfinu tekur Brynja Kristjánsdóttir sem starfað hefur við skólann með hléum frá árinu 1984 og kennari með henni verður Hafdís Roysdóttir. Nemendur grunnskólans verða sex næsta skólaár, þeir verða í 1., 3., 4., 7. og 10 bekk. Í undirbúningi er að auka samvinnu við Grunnskóla Hornafjarðar um kennslu nemendanna í 7. og 10. bekk. Fjöldi leikskólanemenda hefur verið 5-7 börn í vetur og er útlit fyrir að sá fjöldi haldist næsta skólaár. Starfsemi leikskólans veltur á því að hægt sé að manna skólann, tvo starfsmenn þarf til að skólastarfið geti gengið eðlilega fyrir sig en aðeins einn starfsmaður er með ótímabundinn ráðningarsamning og auglýsingar hafa ekki skilað árangri hingað til.

Tónskóli Austur – Skaftafellssýslu

Undanfarin áratug hafa staðið yfir endurbætur í Sindrabæ með hléum þar sem unnið hefur verið í afmörkuðum áföngum. Ekki sér enn fyrir endann á þessum endurbótum en brýnt er orðið að setja þær í ferli sem hefur einhvern lokapunkt.

Tónskólinn brást við fækkun nemenda í fyrra með því að færa aldursmörk í einstaklingskennslu úr 4. bekk í 3. bekk á yfirstandandi skólaári. Tíu nemendur í 3. bekk hófu nám sl. haust ásamt 5 nemendum úr 4. bekk sem var yngsti nemendahópurinn áður. Í vetur stunduðu 74 nemendur einkatíma við skólann.

Auglýst hefur verið eftir kennara/kennurum en erfitt er að búa til 100% starf fyrir kennaraefni í dag þó að kennslustundafjöldin hér bjóði uppá það. Sérhæfingin hefur vaxið í kennaranámi og erfiðara er að finna fólk sem getur tekið að sér kennslu á ólík hljóðfæri samhliða bóklegum fögum og forskólanámi. Í vetur var boðið upp á söngnám í fyrsta skiptið en því miður vitum við ekki hvernig við getum stutt það nám næsta vetur, þar sem söngkennarinn fer í barnsburðarleyfi og verður ekki á Höfn næsta skólaár.

Það er einnig áhyggjuefni að nemendum sem stunda framhaldsnám hefur fækkað af tvennum ástæðum að mati skólastjóra. Fáir nemendur í FAS sem hafa stundað tónlistarnám, sem er afleiðing af fækkun nemenda tónskólans frá 2008 og sumir fara í framhaldsskólaskóla annars staðar á landinu. Einnig hefur borið á því, hér sem annarsstaðar, að færri nemendur treysta sér í tónlistarnám samhliða námi í framhaldskóla eftir að framhaldsskólanámið var stýtt í 3 ár.

Níu kennarar kenndu við skólann í vetur þrír í fullu starfi, fjórir í hlutastarfi og tveir stundakennarar.

Íþróttamiðstöð – skipulag íþróttamála og unglingsmót UMFÍ.

Við íþróttamiðstöðina starfa 9 starfsmenn í rúmlega 8 stöðugildum og á vegum hennar er haldið úti hefðbundinni íþróttastarfsemi fyrir alla aldursflokka. Forstöðumaður miðstöðvarinnar hefur sinnt auknum verlefnum við það að undirbúa velli og önnur íþróttamannvirki fyrir Unglingsmót UMFÍ sem haldið verður á Höfn dagana 1. – 4. ágúst n.k. Undirbúningshópur um framkvæmd mótsins hefur hist frá árinu 2017 og er undirbúningur mótsins nú kominn vel á veg. Þess má þó geta hér að þörf fyrir fleiri sjálfboðaliða til að taka að þátt í vinnu meðan mótið stendur yfir.

Stýrihópur var að störfum í vetur sem hafði það hlutverk að fjalla heildarskipulag íþrótt- og skólmannvirkja á afmörkuðu svæði milli húsa grunnskólans frá Hafnarbraut að Bárinni og á svæði austan við Víkurbraut. Hópurinn skilaði í apríl s.l. af sér tillögum um nýtingu svæðisins og forgangsröðun verkefna með það að leiðarljósi að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Vöruhús

Í Vöruhúsinu hafa staðið yfir endurbætur á ytra byrði hússins nánas sleitulaust allt þetta skólaár og nú í apríl hófust framkvæmdir við endurbætur á skólastofum og vinnurými á annri hæðinni. Á þeirri hæð fer skólastarf grunnskólans í list- og verkgreinum fram og þurftu starfsmenn að tæma stofurnar í lok apríl til að rýma fyrir framkvæmdum. Starfsmenn og nemendur hafa búið við erfiðar starfsaðstæður vegna þessa og það hafa þeir tæklað af þolinmæði og þrautsegju. Áætlað er að endurbótum á annri hæðinni verði lokið um miðjan október n.k. og þá fer kennsla í list- og verkgreinum aftur á sinn stað.

15. júní 2019
Ragnhildur Jónsdóttir
Fræðslustjóri